

# ALÞINGI

---

04.4

Til fjölmíðla:

Ályktanir landsfundar  
Kvennalistans 8. - 9. nóvember 1986.

Landsfundur Kvennalistans haldinn 8. -9. nóvember 1986 að Gerðubergi, Reykjavík ályktar:

Kjör og laun kvenna í landinu eru þjóðarskömm, sem verður að ráða bót á með sameiginlegu átaki allra landsmanna.

Vandi fjölmargra fjölskyldna í landinu vex í réttu hlutfalli við aðgerðir stjórnvalda og annarra ráðamanna til að koma fjármálum þjóðarinnar á "heilbrigðan grundvöll" eins og peir nefna það.

Æskufólk, sem setja vill saman bú og eignast eigið húsnæði, á við svo mikla örðugleika að etja að margir grípa til þess örþrifaráðs að flýja land.

Slíkt er ósamræmið milli launa og framfærslukostnaðar að um fjórða hver fjölskylda í landinu býr við kjör sem eru við fátæktarmörk, enda hefur vinnutími lengst svo á undanförnum misserum hjá þorra lauanfólks að um hreina vinnuþrælkun er að ræða.

Við vörum alvarlega við þeim afleiðingum sem þessi vinnuþrælkun hefur á hag fólk, einkum barna í landinu.

Eitt af því sem lesa má úr síðustu launakönnun Kjararannsóknarnefndar er staðfesting á auknum yfirborgunum og vaxandi launamisrétti.

Stjórnvöld og aðrir ráðamenn í launamálum virðast hafa tekið höndum saman um að festa þetta misrétti í sessi.

Málamyndaleiðréttigar í kjarasamningum á þessu ári hafa litlu sem engu skilað launafólki - allra síst konum.

Allt er þetta í hrópandi ósamræmi við þá stöðu þjóðarbúsins sem nýjustu hagtölur sýna.

Konur sætta sig ekki við þetta ófremdirarástand og ítreka kröfur um:

- a) að kjör og aðbúnaður aldraðra og öryrkja verði bættur. Að tryggt verði að aldraðir njóti ætíð a.m.k. lágmarks framfærslueyris.
- b) að stórátak verði gert í launa- og kjaramálum þannig að lágmarks dagvinnulaun nægi ætíð til framfærslu og að bónus og önnur afkastahvetjandi launakerfi verði afnumin og óþörf.
- c) að launamismunun eftir kynferði verði afnumin.
- d) að lífeyrisréttindi verði samræmd þannig að allir landsmenn eigi jafnan lífeyrisrétt, og gerð verði áætlun um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla.
- e) að komið verði á staðgreiðslukerfi skatta hið fyrsta.
- f) að húsnæðis- og lánamál verði með þeim hætti að almenningur geti valið um leigu- eða eignarhúsnæði og öryggi fólks í húsnæðismálum verði tryggt hvorn kostinn sem það velur.
- g) að láglauastörf verði endurmetin í samræmi við það gildi sem þau hafa fyrir líf fólks í landinu.
- h) að samþykktar verði þær tillögur sem fyrir Alþingi liggja um lágmarkslaun og endurmat á störfum kvenna.

Konur, berum fram til sigurs kröfuna um sæmandi dagvinnulaun og jöfnuð milli kynja. Sláum samningum ekki á frest. Krefjumst lífvænlegra lágmarkslauna.

Landsfundur Kvennalistans ályktar einnig:

Kvennalistinn lýsir þungum áhyggjum yfir því hvernig búið er að börnum á Íslandi.

Mikið vinnuálag foreldra, ónóg dagvistarrými, skortur á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum og sinnuleysi í umferðarmálum eru dæmi um hirðuleysi stjórnavalda gagnvart börnum. Slíkt getur ekki viðgengist lengur og krefst Kvennalistinn þess að réttindi barna séu virt og velferð þeirra sett í öndvegi.

Margt bendir til þess að ofbeldi sé meira gagnvart börnum hérlendis en áður var haldið. Kvennalistinn telur brýnt að viðurkenna þennan vanda, kanna hve víðtækur hann er og beita þegar í stað aðgerðum til úrbóta.